

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1971

16. apríl 1971.

127

Nr. 50.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Þó skal bönnuð öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðsskaga og þaðan beint í Malarrif).

Sé veitt leyfi til dragnótaveiði fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóv. eða skemmri tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

3. maí 1971.

Nr. 51.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag í opinbera heimsókn til Noregs og Svíþjóðar.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 3. maí 1971.

Jóhann Hafstein.

Guðmundur Benediktsson.